



**Fundargerð
44. aðalfundar SASS**

**haldinn að Hótel Heklu, Skeiða- og Gnúpverjahreppi
24. og 25. október 2013.**

1. Gunnar Þorgeirsson formaður SASS setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Reifaði hann í stuttu máli stöðu SASS gagnvart málefnum sem varða sveitarfélögin sem að standa; mikill fjárhagsvandi blasir við ef fjármunir sem reiknað var með við áætlanagerðir, skila sér ekki frá ríki. Bar síðan fram tillögu um fundarstjóra.

Fundarstjórar, Kristófer Tómasson og Auðunn Guðjónsson, samþykktir, svo og ritarar; Halla Guðmundsdóttir og Kristjana Gestsdóttir. Fundarstjórar tóku síðan við stjórn fundarins.

2. Tillaga um kjörbréfanefnd borin upp: Aldís Hafsteinsdóttir form., Ari Thorarensen og Ísólfur Gylfi Pálmason. Samþykkt.
3. Lögð fram tillaga um fundarsköp, staðfestingu frestað þar til síðar á fundinum.
4. **Starfsskýrsla SASS 2012-2013.** Gunnar Þorgeirsson formaður flutti yfirlit. Liðið starfsár hefur verið óvenjulegt um margt; starfsemi Atvinnuþróunarfélagsins var færð til SASS – nýir starfsmenn voru ráðnir til starfa og starfsemin var endurskoðuð. *Þetta er betur skýrt í lið 12 hér á eftir.* Mörgum sóknaráætlunarverkefnum var hleypt af stokkunum og nýtt fyrirkomulag styrkveitinga var tekið upp í samvinnu við stjórn VSS. Almenningsamgöngur hafa um nokkurt skeið verið í höndum SASS. Einnig er það nýmæli að stjórn vinni starfs- og aðgerðaáætlun fyrir starfsárið. Ljóst er, að grundvöllinum er kippt undan áætlaðri starfsemi á vegum SASS ef fjármunir sem samið hafði verið um, og gert hafði verið ráð fyrir frá hinu opinbera, skila sér ekki.
Starfsskýrslan liggur fyrir í heild sinni í fundargögnum.
5. **Kjörbréfanefnd** kynnti niðurstöðu sína: 43 aðalmenn lögðu fram kjörbréf, 1 varamaður. 14 fjarverandi. Fundurinn er lögmatúr. Ekki voru gerðar athugasemdir við niðurstöðuna.
6. **Tillaga um fundarsköp**, áður kynnt, lögð fram. Ekki gerðar athugasemdir við tillöguna og hún samþykkt samhljóða.
7. **Tillaga að nýjum samþykktum SASS.** Jón Valgeirsson kynnti. *Tillögunni í heild vísað til allsherjarnefndar. Einnig bréfi* um sama efni frá Skaftárhreppi, dags. 12. sept. 2013 og frá Mýrdalshreppi dags. 26. sept. 2013.
8. **Skýrsla menningarráðs.** Dorothee Lubecki menningarfulltrúi kynnti. Menningarráð Suðurlands er samstarfsvettvangur sveitarfélaganna um menningarmál; það stendur m.a. fyrir samræmdum aðgerðum á sínu sviði á héraðsvísu, og úthlutar verkefnastyrkjum til menningarstarfsemi og menningartengdrar ferðaþjónustu á Suðurlandi skv. samningi ríkis og sveitarfélaga. Menningarráð hefur haldið úti öflugri uppbyggingu, hvatningu og margvíslegu samstarfi á sínu sviði í héraðinu, og skýrði Dorothee frá viðburðum ársins, fyrirhuguðum verkefnum og einnig verkefnum sem þegar eru komin vel á veg. Næsta stórverkefni er heimsókn Sinfóníuhljómsveitar Íslands í apríl.

*Skýrslan liggur fyrir í heild sinni í fundargögnum.
Skýrslunni vísað til mennta- og menningarmálanefndar.*

- 9. Ársreikningar SASS, Atvinnuþróunarfélags og Menningarráðs.** Þorvarður Hjaltason fór yfir stöðuna. Talsverðar breytingar hafa orðið á árinu, eins og áður hefur komið fram. Fjárhagsáætlanir SASS og Menningarráðs einnig teknar fyrir. Kristín Hreinsdóttir fór betur yfir ART verkefnið og svöruðu þau spurningum fundarmanna. Þau kváðu tekjur hafa brugðist, sem lofað var og vænst frá hinu opinbera. Nokkuð rætt um hvernig ætti að mæta þeim vanda. Fundarstjóri kynnti tillögu frá Hrunamannahreppi, sem varðar húsnæðismál samtakanna. Ársreikningum, áætlunum og tillögu Hrunamannahrepps vísað til fjárhagsnefndar. *Ársreikningar 9. liðar, fjárhagsáætlanir og bréf liggja fyrir í heild sinni í fundargögnum.*
- 10. Tillögur nefnda** lagðar fram og vísað til viðeigandi starfsnefnda til umfjöllunar. *Tillögurnar liggja fyrir í fundargögnum.*
- 11. Tillaga um starfsnefndir** ársþingsins kynnt, svo og kosning í stjórn og nefndir. Kosningu frestað, uns nýjar samþykktir hafa verið afgreiddar.
- 12. Sóknaráætlunarverkefni,** kynning á stöðu. Fyrstur tók til máls **Davíð Samúelsson** framkv.stjóri Markaðsstofu Suðurlands. Fjallaði hann um verkþáttinn „Suðurland allt árið“. Markmiðið er að fjölga ferðamönnum á Suðurlandi árið um kring og fá þá til að staldra við og njóta. Ný vefsíða „wintherwonderland.is“ er í smíðum og miðar sérstaklega að vetrarferðamennsku. **Faney Björg Sveinsdóttir** fjallaði um sókn á Suðurlandi til að tryggja sem best símenntun/bættan aðgang að menntun á svæðinu milli Markarfljóts í vestri og Suðursveitar í austri. Verkefnið felst í því að fjármagna og efla komu Háskóla unga fólksins á vegum HÍ á Suðurland, fjölga námstækifærum og hækka menntunarstig. Starfsemin hófst í haust, með starfsmanni verkefnisins í Vík sem einnir sinnir austursvæðinu. **Kristín Bára Gunnarsdóttir** verkefnastjóri SASS sagði frá Upplýsingagáttinni, vefsíðu sem ætlað er að vera sameiginlegt andlit landshlutans; svo og að miðla upplýsingum á sem flestum sviðum stjórnsýslu, byggðamála og menningarviðburða á Suðurlandi. Stefnt er að virkni síðunnar í janúar 2013. **Björg Erlingsdóttir** fjallaði um listnám, nýsköpun og skapandi verkefni, og eflingu náms – verið er að undirbúa tillögur að stefnumótun og markmiðum. Skólar eru misjafnlega á vegi staddir að innleiða nýja námsskrá, skv. könnun. Skýrsla um stöðu/þarfagreiningu er í vinnslu. **Þórður F. Sigurðsson** fjallaði um styrki og stuðningskerfi til eflingar atvinnulífs. SASS sér nú um að úthluta styrkjum á sviði sem Atvinnuþróunarfélag Suðurlands hafði áður. Fjöldi umsókna barst. Heildarfjárhæð er 80 m.kr. til úthlutunar á árinu. Þar af 60 m.kr. til samstarfsverkefna. **Þórarinn E. Sveinsson** fjallaði um bændamarkað Suðurlands og stuðning við vöruþróun og markaðssókn smáframleiðenda. Komið verður á árlegri stórhátíð; „Suðurlandsskjálfta“, þar sem markhópurinn er íslenskur, ekki síst Sunnlendingar sjálfir. Byggt verði til framtíðar á samstarfi við smáframleiðendur og aðra sem er málið skylt, hér heima og erlendis.

Þorvarður Hjaltason áréttaði hversu mikilvægt það væri að verkefnið gætu haldið áfram, eflst og styrkst og strandi ekki á peningaleysi.

Fyrirliggjandi skýrslu um verkefnið vísað bæði til atvinnuálanefndar og mennta- og menningarmálanefndar eftir eðli verkefnanna.

13. Stefumótun í menningarmálum á Suðurlandi 2013 til 2020.

Dorothee Lubecki menningarfulltrúi lagði fram skýrslu. Þar kemur í stuttu máli fram að helstu þættir stefnu þessarar eru menningaruppeldi, samstarf í markaðs- og kynningarmálum, efling frumkvæðis heimamanna, svo og hverskonar rannsóknir, þróun og nýsköpun sem gæti komið Suðurlandi til góða. Það er eitt menningarsvæði þar sem ríki, sveitarfélög, menningarstofnanir, félagasamtök og einstaklingar vinni saman að uppbyggingu metnaðarfulls menningarlífs svæðisins.

Skýrslan í heild sinni fyrirliggjandi í fundargögnum. Vísað til mennta- og menningarmálanefndar.

14. Nefndaskipan sem frestað var fyrr á fundinum tekin til afgreiðslu. Sjá síðar í fundargerðinni, - nefndir tilgreindar við nefndaálit. Samþykktar án mótaskvæða, en athygli vakin á ójöfnum kynjahlutföllum eftir verkefnum og þess vænst að þetta yrði haft í huga í framtíðinni.

15. Ávörp gesta. Að loknu hádegisverðarhléi var fundi fram haldið.

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra var fyrst á mælendaskrá. Hún þakkaði boðið og kvaðst von að vera sveitarstjórnar-megin við borðið. Þakkaði gott samstarf ríkis og sveitarstjórna á svæðinu. Drap hún á fjármál ríkisins, kvað skattamál sveitarfélaga verða endurskoðuð. Einnig að framlögðu frumvarpi um lágmarksútsvar svf. yrði frestað. Samgöngumál og löggæslumál studd sérstaklega. Taldi hún fækkun og stækkun löggæsluudmæmanna verða til hagsbóta. Vonir standa til að nýrri brú yfir Múlavísl og breikkun Suðurlandsvegur verði lokið á næsta ári. Þakkaði samstarfið og óskaði sveitarstjórnarmönnum velfarnaðar.

Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðar- sjávarútvegs- og umhverfisráðherra ávarpaði fundinn næstur. Kvað fjárlögin ekki ánægjuefni, en stefnan væri að þau væru hallalaus. Að hans mati vantaði aukið fjármagn erlendis frá. Uppsveifla væri í landbúnaði, Suðurland væri öflugasta svæði landsins í matvælaframleiðslu og mikil tækifæri lægju þar. Byggðamálin væru viðkvæmur málaflokkur og styðja þyrfti við þau sveitarfélög sem stæðu höllum fæti. Samgöngur og ekki síður nettenging/ljósleiðari skiptu mestu máli við atvinnuuppbyggingu í hinum dreifðu byggðum. Verðjöfnun raforkuverðs væri réttlætismál. Skýra stefnu vantaði um hálendið, einnig landnýtingarstefnu í byggð og óbyggðum, svo og aukið og bætt samráð í verndar- og/eða nýtingarmálum. Kvað hann friðlýsingu Þjórsárvera verða undirritaða á næstunni. Drap á fjárskort til byggingar verknámshúss FSu, einnig heilbrigðismál, skort á úrræðum fyrir aldraða og aðra sem á fullri þjónustu þurfa að halda á Suðurlandi og erfiðleika í rekstri heilbrigðisstofnana, en vænti þess að uppbygging hæfist á næstu árum. Þakkaði samstarfið og óskaði Sunnlendingum velfarnaðar.

Halldór Halldórsson formaður Sambands ísl. sveitarfélaga ávarpaði samkomuna. Lagði áherslu á að sambandið væri samtök – ekki hagsmunaaðili. Ræddi hann m.a. nauðsynlega styrkingu sveitarstjórnarstigsins, ýmis fræðslumál, endurskoðun skattkerfisins. Drap á fyrirhugaða gjaldtöku á ferðamannastöðum, - hvort hún myndi skila sér til baka á svæðið. Ýmis stór málefni s.s. stjórn fiskveiða, útsvarsprósenta og

framgangur Rammaáætlunar hafa bein áhrif á sveitarfélögin. Samtökin hafa átt fundi með innanríkisráðherra um nauðsynlega stefnumörkun í hinum ýmsu málum. Nauðsynlegt er að skattfé úr héruðum skili sér aftur að hluta til með einum eða öðrum hætti. Kostnaðarmat þarf vegna yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Einnig liggja ýmis stór mál fyrir til athugunar, s.s. lífeyrisskuldbindingar. Vakti hann að lokum athygli á því, að á þingi sætu fjölmargir fyrrum sveitarstjórnarmenn og vænti þar með góðs skilnings á málefnum svf. hjá þeim.

Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra ávarpaði fundinn. Atvinnumálin voru efst á baugi, - hvernig er hægt að styrkja þau? Kvað hún regluverk á ýmsum sviðum hamlandi, auka þarf fjárfestingar, einfalda leyfisveitingar og koma í veg fyrir kennitöluflakk. Óskaði hún sérstaklega eftir ábendingum þar sem menn hafa rekið sig á flókin kerfi, sérstaklega hvað varðar ýmis starfsleyfi, sem einfalda mætti. Minntist á mismunun raforkuverðs, sem væri óboðlegt, sérstaklega gagnvart garðyrkjunni. Verið er að skoða ferðakort („náttúrupassa“), en ekki ljóst um framkvæmd slíks. Þakkaði samstarfið og óskaði Sunnlendingum velfarnaðar.

Fundarstjórar þökkðu gestum komuna.

Þegar hér var komið sögu, voru haldnir aðalfundir Skólaskrifstofu Suðurlands, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands. Þær fundargerðir eru ekki hér inni, heldur sér.

Síðan hófust nefndastörf.

Skeiða- og Gnúpverjahreppur bauð til móttöku um kl. 19.30, síðan áttu fundargestir ánægjulega samveru yfir veislukvöldverði og skemmtiatriðum.

Fundi síðan fram haldið föstudaginn 25. okt.:

16. Áframhaldandi nefndastörf.

17. Efling samstarfs um mennta- og fræðastarf á Suðurlandi. Gísi Sverrir Árnason ráðgjafi fylgdi úr hlaði skýrslu um samstarf mennta- og atvinnulífs á Suðurlandi. Þar koma fram að miklu leyti sömu áherslur og sama sýn og í lið 12 hér fyrir framan: Leita ber leiða til að auka menntun og jafna mun í fjárveitingum til einstakra landshluta en þar hafa Sunnlendingar augljóslega borið skarðan hlut. Efla þarf samband og samvinnu menntageirans og atvinnulífsins. Á Suðurlandi eru fyrir styrkar skólastofnanir og þekkingarsetur sem eru samfélaginu ómetanlegar og íbúar svæðisins vita það vel, en betur má ef duga skal. Netkönnun var gerð meðal fyrirtækja – um 400 svör bárust. Þar var spurt um ýmis atriði er tengdust menntun starfsfólks. Sterklega kom fram að atvinnurekendum/stjórnendum fannst helst skortur á sérhæfðum námskeiðum fyrir starfsfólkið, ekki síst í ferðaþjónustu. Langflestir töldu meiri menntun æskilega. Aðeins 4% töldu ekki þörf á slíku. *Skýrslan/könnunin liggur fyrir í heild í gögnum fundarins.*

18. Anna Guðrún Edvarðsdóttir doktorsnemi við menntavísindasvið HÍ flutti erindi: Menntun í dreifbýli, áhrif þekkingarsamfélagsins á byggðapróun og sjálfbærni samfélaga. Anna Guðrún bjó á Vestfjörðum í fjölmörg ár, var þar sveitarstjórnarmaður og skólastjóri. Rannsóknir hennar taka aðallega til Vestfjarða og Austurlands, þar sem margt er sammerkt með þeim svæðum. Í orðræðunni virðist áherslan vera á háskólamenntun, rannsóknir og nýsköpun, til að skapa störf og fjölga fólki í hinum dreifðu byggðum. Háskólanám eða framhaldsmenntun er miklu

algengari hjá konum en körlum á þessum tilteknu svæðum. Rannsóknir, innlendar og erlendar, sýna að konur í dreifbýli búa í samfélögum sem m.a. meta karllæg gildi meira en þau kvenlegu og gera þær í raun sáralitlar athugasemdir við það. Almenn upplifi þær sjávarútveg og sveitarstjórnarmál sem karllægan vettvang. Virðast konur ekki endilega nota háskólamenntun sína til að stíga út úr þeim hring, heldur til að styrkja stöðu sína innan „hefðbundins“ kvennaramma, fremur en að útvíkka athafnarými sitt. Vitnaði hún í gögn/kannanir/skýrslur frá hinu opinbera sem hún byggði rannsóknir á. Þar er klisjukennd umræða, sannkölluð þrástef, sem sveitarstjórnarmenn þekkja örugglega betur en nokkrir aðrir. Dæmi: „Hagnýtar rannsóknir leiða að nýsköpun – hlutverk háskóla er að vinna með samfélaginu – menntun og rannsóknir eiga að fjölga fólki – klasasamstarf – gera fólk og svæði samkeppnishæft“ Svo mætti lengi telja.

Lokaniðurstaða hennar var í sem stystu máli: Líta ber á þekkingarsamfélagið, byggðapróun og sjálfbærni sem kerfi sem hægt er að hafa áhrif á. Skilja þarf orðræðuna og átta sig á því hvaða áhrif hún hefur á aðgerðir í byggðamálum. Vinna þarf smærri svæðisbundnar byggðaaætlanir sem hafa sjálfbærni og seiglu samfélaga að leiðarljósi.

Fundarstjórar þökkuðu þessi gagnlegu og fróðlegu erindi. Gísli Sverrir og Anna Guðrún svöruðu fyrirspurnum. Menn voru á einu máli um að þau væru verðugt umhugsunarefni.

19. Umræður og ályktanir ársþings.

Hér á eftir fara tillögur starfsnefnda um hin ýmsu erindi sem til þeirra var beint. Þegar tillögurnar voru lagðar fyrir fundinn voru þær ræddar almennt. Fundarritarar eru ekki nógu kunnugar þingfulltrúum á öllu Suðurlandi til að tilgreina sérstaklega alla þá/þær sem þá tjáðu sig. Allir fundarmenn áttu sæti í starfsnefndum og komu að tillögugerðinni. Starfsnefndarmönnum var frjálst að færa sig í aðra nefnd, en ekki að sitja í fleiri en einni starfsnefnd.

Eftirfarandi tillögur samþykktar að undangengnum umræðum og áorðnum breytingum:

Tillögur Samgöngunefndar til ársþings SASS 2013

Í nefndinni störfuðu. Björn Ingi Jónsson formaður, Drífa Kristjánsdóttir, Gunnar Egilsson, Svanhvit Hermannsdóttir, Þorgils Torfi Jónsson, Gunnlaugur Grettisson, Elínborg M. Ólafsdóttir, Guðmundur Ingi Ingason, Kjartan Björnsson, Páll Marvin Jónsson.

Uppbygging vegakerfisins á Suðurlandi

Ársþing SASS 2013 leggur áherslu á áframhaldandi uppbyggingu samgöngumannvirkja á Suðurlandi. Nauðsynlegt er fyrir framtíðar- uppbyggingu samfélagsins að innviðir þess verði styrktir og þar eru samgöngur ein af grunnstöðunum.

Ársþing SASS 2013 leggur mikla áherslu á að gerðar verði gagngerðar endurbætur á tengivegum eftir tímasettri framkvæmdaáætlun með formlegu samráði við sveitarfélögin. Mikil umferðaraukning hefur orðið á þessum vegum og þeir gegna mun stærra hlutverki nú en áður bæði vegna breyttra atvinnuhátta og vegna stóraukins ferðamannastraums. Þá bendir þingið á, að skynsamlegt sé að leggja áherslu á lagningu bundins slitlags á núverandi vegi

með nauðsynlegum lagfæringum og spara þar með viðhald malarvega. Það á einnig við um lagningu slitlags á fjölfarna hálandisvegi s.s Kjalveg.

Breikkun Suðurlandsvegur

Árþing SASS 2013 lýsir yfir ánægju með yfirlýsingur innanríkisráðherra um framkvæmdir við breikkun Suðurlandsvegur hinsvegar leggur þingið áherslu á að lokið verði við tvöföldun Suðurlandsvegur frá Rauðavatni að Selfossi. Fyrir liggur að framkvæmdir við Suðurlandsvegur eru með arðsömustu samgönguframkvæmdun og mikilvægar m.t.t. aukins umferðaröryggis. Samtök sunnlenskra sveitarfélaga treysta á að breikkun Suðurlandsvegur verði lokið á mun styttri tíma en nú er áætlað.

Brúargerð yfir Hornafjarðarfljót verði flýtt

Árþing SASS 2013 leggur höfuðáherslu á að framkvæmdun við brú yfir Hornafjarðarfljót verði flýtt ásamt tilheyrandi vegarlagningu, en ekki er gert ráð fyrir í 12 ára samgönguáætlun að framkvæmdir hefjist fyrir en árið 2018. Núverandi brú er léleg og stórvarasöm. Framkvæmdin er arðsöm og mun stytta hringveginn um 11 km.

Fækkun einbreiðra brúa

Árþing SASS 2013 leggur áherslu á að verulegt átak verði gert í samgöngumálum í V- og A- Skaftafellsýslum. Farið verði hraðar í fækkun einbreiðra brúa á þjóðvegi 1 en gert er ráð fyrir í samgönguáætlunum Alþingis en um helmingur þeirra er í V-og A-Skaftafellssýslum eða rúmlega 20 talsins. Um mikið umferðaröryggismál er að ræða og í samræmi við það markmið áætlunarinnar að styrkja meginflutningaleiðir. Samtökin leggja því til að samgönguáætlun verði breytt í grundvallaratriðum að þessu leyti og framkvæmdun flýtt.

Vegurinn um Reynisfjall

Árþing SASS 2013 vekur athygli á því að vegurinn fyrir Reynisfjall er einn erfiðasti farartálmi á þjóðvegi 1 á Suðurland og leggur því til að við gerð næstu 12 ára samgönguáætlunar verði gert ráð fyrir jarðgöngum í gegnum Reynisfjall.

Hafnir og landbrot

Árþing SASS 2013 leggur áherslu á tryggt verði fé til rannsókna á sandburði í og umhverfis sunnlenskar hafnir þ.e. við Hornafjarðarós, Landeyjahöfn, Vestmannaeyjahöfn og Þorlákshöfn. Sérstaklega er mikilvægt að vinna að framtíðarlausn í málefnum innsiglingar um Hornafjarðarós. Þá bendir ársþingið á nauðsyn þess að byggður verði nýr sandfangari við Vík og lagfæringar gerðar á þeim sem fyrir er til að verja byggðina. Árþing SASS telur mikilvægt að sporna við miklu landbroti af völdum sjávar og jökulfljóta sem ógna byggð, vegum og brúm.

Stórskipahöfn í Þorlákshöfn

Árþing SASS 2013 leggur jafnframt áherslu á að hafinn verði undirbúningur að uppbyggingu stórskipahafnar í Þorlákshöfn. Fyrir liggur að staðsetning orkufrekrar starfsemi í Ölfusi er einkar hagstæð og því afar brýnt að þar verði byggð upp stórskipahöfn.

Vestmannaeyjaferja

Ársþingið SASS 2013 leggur áherslu á fyrirhuguðum áformum Alþingis um smíði nýrrar Vestmannaeyjaferju verði komið í framkvæmd sem fyrst. Reynslan hefur sýnt að um

gríðarlegt hagsmuna- og framfaramál er að ræða fyrir íbúana og einnig hratt vaxandi ferðapjónustu.

Almenningssamgöngur

Árþing SASS 2013 lýsir yfir ánægju með þann góða árangur sem hefur náðst í rekstri almenningssamgangna á Suðurlandi og þá auknu þjónustu sem orðið hefur á flestum þjónustuleiðum. Til að tryggja enn betur grundvöll rekstursins er nauðsynlegt að Alþingi endurskoði lög um fólksflutninga og skýri betur ákvæði laganna um einkarétt sveitarfélaga til almenningssamgangna.

Fjarskiptamál

Árþing SASS 2013 leggur áherslu á að allir landsmenn hafi aðgang að nútíma háhraða gagnaflutningskerfi. Fyrirtæki sem starfa á þessum markaði verði gert skylt með breytingu á lögum að tryggja fullnægjandi gæði á þjónustusvæðum sínum. Gangi það ekki hlutast Fjarskiptastofnun um að gerðar verði nauðsynlegar úrbætur. Þá leggur árþingið til að kannað verði með aðkomu fjarskiptasjóðs að uppbyggingu varanlegs fjarskiptakerfis sem tryggi öllum landsmönnum aðgang að nútíma tækni í fjarskiptum og ljósvakamiðlun. Þá leggja samtökin á sama hátt áherslu á að farsímasamband verði tryggt um allt land og þeim fyrirtækjum sem starfa á þeim markaði verði skylt að tryggja slíkt samband. Nauðsynlegt er að farsímasamband verði tryggt á mögulegum hamfarasvæðum sem og á þjóðvegi 1.

Flugvöllinn í Vatnsmýrinni

Árþing SASS 2013 samþykkir eindregna áskorun til Reykjavíkurborgar og ríkistjórnar um áframhaldandi veru flugvallarins í Vatnsmýrinni. Undirskriftir landsmanna sýna eindregin vilja þjóðarinnar og staðfesta mikilvægi aðgengis landsmanna allra að sameiginlegri höfuðborg Íslendinga.

Tillögur Velferðarnefndar:

Í Velferðarnefnd sátu: Unnur Þormóðsdóttir formaður, Valgerður Sævarsdóttir, Guðlaug Ósk Svansdóttir, Guðmundur Á. Pétursson, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir, Jóhanna Jónsdóttir, Harpa Dís Harðardóttir og Jörunn Einarsdóttir,

Heilbrigðisstofnanir á Suðurlandi og Suðausturlandi

Árþing SASS, haldið á Hótel Heklu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 24. og 25. október 2013, vill beina þeim tilmælum til ráðamanna að standa vörð um þjónustu Heilbrigðisstofnana á Suðurlandi og Suðausturlandi.

- Heilbrigðisstofnun Suðurlands hefur verið rekin með halla undanfarið og er aðalástæðan sú að ekki hefur fylgt nægjanlegt fé með þeim verkefnum sem stofnuninni er ætlað að sinna. Hagrætt hefur verið eins og hægt er en það hefur ekki dugað til. Breyting á þjónustu skurðeildar og sjúkraflutninga hefur verið boðuð. Áætlað er að um 100 milljónir vanti til að leysa vanda stofnunarinnar og verja þá þjónustu sem fyrir er. Þingið hvetur Heilbrigðisráðherra og alþingismenn til að beita sér án tafar fyrir lausn á rekstrarvanda stofnunarinnar.

- Unnið er að gagngerri endurskoðun velferðarþjónustu í Vestmannaeyjum með það að markmiði að endurskipuleggja og sækja fram með þjónustuþega í huga. Hvað sem slíku líður er ljóst að aukið fjármagn þarf til að tryggja grunn þjónustu stofnunarinnar. SASS skorar á þingmenn Suðurlands að taka þátt í því með Vestmannaeyjabæ að sækja fram fyrir hönd Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja og snúa vörn í sókn og tryggja fjármagn til rekstursins.

Stefnumörkun um uppbyggingu hjúkrunarrýma á Suðurlandi

Í kjölfar fundar sem fulltrúar SASS áttu með starfsmönnum Velferðarráðuneytis þann 13. mars sl. óskuðu Samtökin eftir því að ráðuneytið skipaði starfshóp með þátttöku sveitarfélaganna á Suðurlandi um stefnumörkun og framkvæmdaáætlun um uppbyggingu aukinna hjúkrunarrýma. Stefnunumörkunin skyldi taka mið af þörf fyrir ný hjúkrunarrými skv. biðlistum, endurnýjun eldra húsnæðis (einsmannsstofur í stað fjölbýla) og byggingu hjúkrunarrýma í stað ónothæfs húsnæðis. Jafnframt yrðu kannaðir möguleikar á aukinni heimaþjónustu. Á fundi í september hafnaði heilbrigðisráðherra þessari beiðni þrátt fyrir langan biðlista eftir hjúkrunarrýmum og engin uppbygging hjúkrunarrýma á Suðurlandi er áætluð. Núverandi áætlun ráðuneytisins nær til ársins 2016.

- Ársþing SASS, haldið á Hótel Heklu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 24. og 25. október 2013, skorar á stjórnvöld að tryggja fjármagn til uppbyggingar hjúkrunarrýma á Suðurlandi. Þörf fyrir fjölgun hjúkrunarrýma á Suðurlandi er veruleg. Samkvæmt samræmdu færni og heilsumati er staðan nú þannig að 46 manns eru á biðlista á Suðurlandi eftir hjúkrunarrými og af þeim eru 21 í Arnassýslu og 17 í Rangárbíngi. Þetta er fjölgun um 8 manns frá síðasta þingi þrátt fyrir að Ás í Hveragerði hafi fengið 7 viðbótar hjúkrunarrými á móti 14 dvalarrýmum. Samkvæmt viðmiðum Velferðarráðuneytis skal stefnt að því að allir búi í einbýli, því liggur fyrir að í mörgum tilfellum þarf að ráðast í framkvæmdir til að húsnæði standist þau viðmið. Ársþing vill einnig benda á að mögulegt er að breyta dvalarrýmum í hjúkrunarrými í hlutfallinu 1 á móti 1 og myndi það leysa einhvern vanda þar til að nýbyggingu kemur. Auk þess telur ársþing brýnt að endurskoða byggingaviðmið varðandi stærð hjúkrunarrýma fyrir hvern íbúa. Ársþing hvetur heilbrigðisráðherra að skipa starfshóp til að greina stöðu mála varðandi hjúkrunarrýmisþörf á Suðurlandi ásamt því að beita sér fyrir því að gerð verði áætlun um uppbyggingu og úrbætur. Ársþing harmar að sveitarfélögum á Suðurlandi hafi verið haldið utan við samninga um uppbyggingu hjúkrunarrýma þrátt fyrir að þörfin hér hafi verið með því mesta á landinu.

Ársþing SASS, haldið á Hótel Heklu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 24. og 25. október 2013 telur óásættanlegt að gjald sem greitt er í framkvæmdarsjóð aldraðra renni ekki óskert til uppbyggingar og eflingar öldrunarþjónustu í landinu eins og lög kveða á um.

Ársþing SASS, haldið á Hótel Heklu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 24. og 25. október 2013 hvetur ráðamenn til að standa vörð um og endurskoða framkvæmd sjúkraflutninga og sjúkraflugs með tilliti til viðbragðstíma.

Tillögur umhverfis- og skipulagsnefndar:

Í Umhverfis- og skipulagsnefnd á ársþingi SASS sem haldið var á Hótel Heklu dagana 24. og 25. október sátu eftirtaldir þingfulltrúar:

Valtýr Valtýsson formaður
Ásgeir Magnússon
Reynir Arnarson
Þórdís Eygló Sigurðardóttir
Unnsteinn Eggertsson
Aðalsteinn Sveinsson
Björgvin Skafti Bjarnason
Magnús H. Jóhannsson
Elsa Ingjaldsdóttir

Skipulag miðhálandis Íslands

Ársþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hótel Heklu 24. - 25. október 2013, samþykkir að skora á umhverfisráðherra og Alþingi að endurvekja samvinnunefnd um svæðisskipulag miðhálandis Íslands. Þar sem fyrirséð er að þingsályktunartillaga um landsskipulagsstefnu verður ekki tekin til afgreiðslu á Alþingi fyrir en á árinu 2015 er nauðsynlegt að endurvekja samvinnunefndina svo skipulagsmál miðhálandisins geti fengið eðlilegan framgang hjá sveitarfélögum. Staðan í dag er algerlega óviðunandi og mjög hamlandi s.s. gagnvart uppbyggingu ferðaþjónustu á miðhálandinu. Einnig geta sveitarfélög á Suðurlandi alls ekki sætt sig við að skipulagsvald sveitarfélaga á miðhálandi Íslands verði lýst hjá Skipulagsstofnun á meðan landsskipulagsstefna hefur ekki verið samþykkt á Alþingi.

Fráveituframkvæmdir sveitarfélaga

Ársþing SASS, haldið á Hótel Heklu 24. og 25. október 2013, ítrekar nauðsyn þess að ríkisvaldið standi við þegar gefin loforð um endurgreiðslu hluta kostnaðar við fráveituframkvæmdir sveitarfélaga. Ljóst er að sveitarfélög munu eiga mjög erfitt með að uppfylla þær lagaskyldur sem á þau eru settar nema með stuðningi.

Sveitarfélög á landsbyggðinni búa mörg hver við mjög viðkvæma viðtaka og verða því að fara í mjög kostnaðarsamar aðgerðir til þess að koma sínum fráveitumálum í lag. Ársþingið vill einnig árétta að málefnið er ekki hagsmunamál einstakra sveitarfélaga heldur lífríkisins alls og þar með sameiginlegur ávinningur allra.

Í ljósi þess að íslenskum sveitarfélögum er gert að uppfylla strangari kröfur í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp heldur en tilskipun ESB gerir ráð fyrir, beinir Ársþing SASS þeim eindregnu tilmælum til ríkisins að halda áfram að veita styrk vegna fráveituframkvæmda.

Ársþing SASS bendir sérstaklega á að taka þurfi út úr reglugerðinni hið íslenska ákvæði sem snýr að því að sveitarfélög við sjó þurfa að uppfylla mun strangari kröfur um þynningarsvæði en gerist og gengur í löndum Evrópusambandsins.

Nýting á lífrænum úrgangi.

Ársþing SASS, haldið á Hótel Heklu 24. og 25. október 2013, skorar á stjórnvöld að vinna að því að einfalda regluverk til að opna á möguleika á að nýta allan lífrænan úrgang til landbóta og ræktunar.

Tillögur mennta- og menningarmálanefndar:

Í mennta- og menningarmálanefnd störfuðu eftirtaldir:

Eydís Þ. Indriðadóttir formaður	Ásahreppur
Páll Marvín Jónsson	Vestmannaeyjabær
Sandra Dís Hafþórsdóttir	Árborg
Helgi Kjartansson	Bláskógabyggð
Ninna Sif Svavarsdóttir	Hveragerðisbær
Guðfinna Þorvaldsdóttir	Rangárþingi ytra
Þórunn Júlíusdóttir	Skaftárhreppur
Kjartan Björnsson	Árborg
Bjarney Vignisdóttir	Hrunamannahreppur
Sígurlína Kristinsdóttir	Bláskógabyggð
Kristján Guðnason	Hornafjörður
Dorothee Lubecki	Menningarfulltrúi Suðurlands, ritari

Áskorun til ríkis og sveitarfélaga

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hótel Heklu, 24. og 25. október 2013, leggur ríka áherslu á uppbyggingu menntunar á öllum skólastigum og góðrar aðstöðu til fjarkennslu í öllum fjórðungnum. Gott aðgengi að menntun er ein mikilvægasta forsenda byggðar í landinu og stuðlar að nýsköpun í atvinnulífi. Nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að efla aðgengi fólks að endur- og símenntun.

Sóknaráætlun fyrir Suðurland – mennta- og menningarmál

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hótel Heklu, 24. og 25. október 2013, vekur athygli á því að í sóknaráætlun fyrir Suðurland eru fimm verkefni af átta sem tengjast mennta- og menningarmálum beint og er mikilvægt að halda þeirri vinnu áfram. Nauðsynlegt er að tryggð verði áframhaldi fjármögnun sóknaráætlana landshluta.

Stefnumótun í menntamálum á Suðurlandi vegna sóknaráætlunar 20/20

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hótel Heklu, 24. og 25. október 2013 lýsir yfir ánægju með þá áherslu sem lögð var á mennta- og menningarmál í Sóknaráætlun Suðurlands á þessu ári. Í samræmi við niðurstöðu sóknaráætlunarverkefna um „Eflingu mennta- og fræðastarfs á Suðurlandi“ og „Greiningu á stöðu listnáms á Suðurlandi“ samþykkir árþingið að menntamál á Suðurlandi verði skilgreind sem sérstakt átaksverkefni hjá SASS á næsta starfsári til að framfylgja þeim áherslum sem þar koma fram.

Verknámshús við Fjölbrautaskóla Suðurlands

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hótel Heklu, 24. og 25. október lýsir yfir gríðarlegri óánægju með þá tillögu sem birtist í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar um frestun á byggingu verknámshúss við Fjölbrautaskóla Suðurlands. Framkvæmdin var á fjárlögum yfirstandandi árs og hönnunarferli byggingar lokið. Sveitarfélögin hafa lagt í sjóð um margra ára skeið til að fjármagna sinn hlut í byggingunni.

Fyrirætlun þessi er óskiljanleg í ljósi þess að allir stjórnmalaflokkar hafa lýst yfir að nauðsynlegt sé að auka hlut verknáms í framhaldsskólum. Mikla áherslu þarf að leggja á að vinna gegn brottfalli nema úr framhaldsskólum og er fjölbreytt verknám þar grundvallaratriði. Hátt hlutfall fólks sem hefur aðeins lokið grunnskólanámi er verulegt vandamál sem ráða þarf bót á, ekki síst með tilliti til aukins atvinnleysis einkum hjá ungu fólki. Fleiri og fjölbreyttari námsleiðir styrkja atvinnulíf á svæðinu þegar til framtíðar er litið.

Árþing SASS skorar því á Alþingi og einkum þingmenn Sunnlendinga að hefja framkvæmdir við bygginguna nú þegar eins og samkomulag gerði ráð fyrir.

Þekkingarsetur á Kirkjubæjarklaustri

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hótel Heklu, 24. og 25. október, lýsir yfir miklum vonbrigðum með þá fyrirætlun ríkisstjórnarinnar sem birtist í fjárlagafrumvarpinu, að hætta við byggingu Þekkingarseturs á Kirkjubæjaklaustri. Um mjög mikilvægt verkefni er að ræða sem ætlað er að styrkja svæðið. Skipulagsvinna og heildarhönnun verkefnisins er langt komin. Árþing SASS skorar á Alþingi og þingmenn Sunnlendinga að standa við upphaflega áætlun um byggingu Þekkingarseturs.

Framlög til símenntunarmiðstöðva og þekkingarsetra

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið á Hótel Heklu, 24. og 25. október 2013, leggur áherslu á að ríkisvaldið tryggi símenntunarmiðstöðvunum og þekkingarsetrum á Suðurlandi fjármagn til reksturs.

Fræðslunet Suðurlands og Háskólafélag Suðurlands

Samkvæmt fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi eru framlög til Fræðslunets Suðurlands og Háskólafélags Suðurlands ekki í samræmi við framlög til sambærilegra stofnana annars staðar á landinu. Óskað er eftir að framlögin verði endurskoðuð ekki síst í ljósi þess að Sveitarfélagið Hornafjörður mun fá aðild að Fræðsluneti Suðurlands um næstu áramót.

Bætt aðgengi að menntun – ljósleiðari

Árþing SASS, haldið á Hótel Heklu, 24. og 25. október 2013, skorar á ríkisvaldið að beita sér fyrir því að tryggð verði framlög til ljósleiðaravæðingar á Suðurlandi. Tækifæri til sí og -endurmenntunar á öllum sviðum atvinnulífsins eru forsenda fyrir því að búseta á Suðurlandi sé fýsilegur kostur. Tryggja verður með breytingu á lögum að fyrirtækjum sem starfa á fjarskiptamarkaði verði gert skylt að uppfylla ákveðnar gæðakröfur.

Ályktun um fjárframlög til menningarmála

Árþing SASS, haldið á Hótel Heklu í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 24.-25. okt. 2013, óskar eindregið eftir því við ríkisvaldið að tryggt verði fjárframlag til áframhaldandi starfs sem Menningarráð Suðurlands og menningarfulltrúi hafa sinnt sl. sjö ár. Mikilvægt er að fjármögnun verði tryggð a.m.k. til þriggja ára og að skipting heildarfjármagns til landshlutanna fari fram samkvæmt gegnsæum reglum.

Menningarsamningur við Suðurland var fyrst gerður 2007 og hefur reynslan af honum og starfsemi Menningarráðs Suðurlands verið til fyrirmyndar. Öflugur stuðningur við menningarstarf er mjög mikilvægur þeim fjölmörgu aðilum á svæðinu sem því sinna.

Skýrsla um stefnumótun í menningarmálum

Mennta- og menningarmálanefnd lýsir yfir ánægju með þá vinnu sem hefur verið lögð í stöðugreiningu og stefnumótun á sviði menningarmála sbr skýrslu menningarfulltrúa; „Stefnumótun í menningarmálum á Suðurlandi 2013 – 2020 og hvetur til þess að unnið sé eftir þeirri aðgerðaráætlun sem þar kemur fram.

Tillögur atvinnumálanefndar:

Atvinnumálanefnd skipuðu: Hjalti Þór Vignisson, formaður; Gunnar Örn Marteinnsson, Eggert Valur Guðmundsson, Árni Eiríksson, Eygló Kristjánsdóttir, Róbert Hlöðversson, Elliði Vignisson, Guðmundur Ólafsson og Kjartan Ólafsson.

Matvælaframleiðsla

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið að Hótel Heklu dagana 24. og 25. október 2013, beinir því til sveitarstjórna á Suðurlandi að hvetja fyrirtæki enn frekar til aukinnar fullvinnslu matvæla og að tryggja aðgengi að ferskum íslenskum matvælum. Árþingið leggur áherslu á að starfsemi matarsmiðjanna á Höfn og Flúðum verði eflað til muna.

Stjórn fiskveiða

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið að Hótel Heklu dagana 24. og 25. október 2013, hvetur til þess að endurskoðun stjórnar fiskveiða taki mið af niðurstöðu endurskoðunarnefndar um sjávarútveg. Sömuleiðis er mikilvægt að auðlindagjaldið skili sér aftur til landsbyggðarinnar og varið til eflingar atvinnulífs.

Jöfnun raforkuverðs

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið að Hótel Heklu dagana 24. og 25. október 2013, skorar á Alþingi að jafna að fullu raforkuverð til almennra notenda á landinu. Jafnframt vantar mikið upp á að heimild í lögum nr. 98/2004 um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku sé að fullu nýtt.

Úrbætur vegna takmarkana í flutningsgetu á raforku

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið að Hótel Heklu dagana 24. og 25. október 2013, vísar til nýlegrar skýrslu Landsnets um takmarkanir í dreifikerfi raforku á Íslandi og lýsir yfir áhyggjum af því að takmörkuð flutningsgeta á rafmagni innan svæðisins skekki samkeppnisstöðu fyrirtækja. Flutningsgeta má ekki standa eðlilegri atvinnuþróun og atvinnuuppbyggingu fyrir þrífum. Þá leggur fundurinn þunga áherslu á að þrígga fasa rafmagn verði í boði fyrir alla notendur á svæðinu.

Orkumál

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið að Hótel Heklu dagana 24. og 25. Október 2013, gerir kröfu til að mun stærrí hluti þeirrar orku sem framleiddur er á Suðurlandi verði nýttur á svæðinu til atvinnusköpunar, en nú eru 4% framleiddrar raforku nýtt á Suðurlandi en 50% virkjaðs vatnsafls og 70% virkjaðs háhita á landinu kemur frá Suðurlandi. Til þess liggja fleiri rök en atvinnusjónarmið. Flutningur raforkunnar færi um skemmri veg sem þýðir minna orkutap og minni sjón- og umhverfismengun af háspennulínum. Það er einnig í anda hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að landshlutinn njóti í meira mæli þess efnahagslega ábata sem virkjun vatnsafls og háhita hefur í för með sér. Árþingið vill jafnframt skora á orkufyrirtækin að beita sér fyrir því að sá virðisauki sem verði til við virkjanir á svæðinu skili sér í aftur til samfélagsins.

Með ofangreint að leiðarljósi telur árþing SASS mikilvægt að áfram sé leitað skynsamlegra virkjunarkosta á Suðurlandi og unnið af fullum krafti við undirbúning nýrra virkjana. Rannsóknir vegna nýrra virkjana getur tekið mörg ár. Því má ekki slá slöku við þá þekkingaröflun.

Lækkun á rafmagnsverði til garðyrkju og ylræktar.

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið að Hótel Heklu dagana 24. og 25. október 2013, krefst tafarlausra aðgerða til lækkunar á rafmagnsverði til garðyrkju- og grænmetisframleiðslu. Það er með með öllu óskiljanlegt að ekki skuli finnast möguleikar á lækkun raforkuverðs til garðyrkju og ylræktar – eins helsta vaxtarbrodds í landbúnaði og atvinnulífi Suðurlands og raunar landsmanna allra. Áskoranir og ályktanir, sem sendar hafa verið rafmagnsfyrirtækjum og stjórnvöldum í áraraðir, skipta hundruðum og hver hátíðaræðan á fætur annarri telur lækkun raforkuverðs til garðyrkju- og ylræktar forgangsatríði. Nú bætast mannelldissjónarmið í kröfuhópinn með vaxandi þunga. Því er tafarlausra aðgerða krafist til leiðréttingar.

Uppbygging ferðamannastaða á Suðurlandi

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið að Hótel Heklu dagana 24. og 25. október 2013, hvetur ferðamálayfirvöld til að leita allra leiða til að ná samstöðu um sanngjarna leið verði tekin ákvörðun um hóflega gjaldtöku af ferðamönnum. Þeir fjármunir verði notaðir til náttúruverndar, uppbyggingar og viðhalds ferðamannastaða og þjóðgarða. Margar af fegurstu náttúruperlum landsins eru á Suðurlandi. Auk þess kemur það í hlut sveitarfélaganna að sinna mikilvægri grunnþjónustu við ferðamenn. Sveitarfélögum og samtökum þeirra er því nauðsynlegt að hafa beina aðkomu að ákvörðunartöku um gjaldtöku og ráðstöfun þeirra fjármuna. Jafnframt er mikilvægt að tryggja öflugan rekstur á fjölsóttum ferðamannastöðum og þjóðgördum.

Byggðapróun og aukin fjölbreytni

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið að Hótel Heklu dagana 24. og 25. október 2013, telur það rétta þróun að sameina vaxtarsamninga og sóknaráætlanir landshluta og fela þannig umsjón þeirra fjármuna og styrkúthlutana samtökum sveitarfélaga.

Rétt er að beina sem flestum stuðningsaðgerðum stjórnvalda í sama farveg og sameina þær þannig undir ábyrgð sveitarstjórnanna og samtaka þeirra. Því er afar mikilvægt að festa fyrirkomulagið í sessi til lengri tíma og tryggja nægjanlegt fjármagn.

Þingið vill leggja áherslu á að fjárveitingar til landshlutasamtaka, vaxtarsamninga, menningarsamninga, framhaldsfræðslu og slíkra verkefna taki mið af ólíkri stærð landshluta, ólíkum eiginleikum, fjölda íbúa og fleiri þáttum til að nálgast skiptinguna út frá sanngirni og gegnsæjum reglum.

Leiguhúsnæði á Suðurlandi

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið að Hótel Heklu dagana 24. og 25. október 2013, skorar á stjórnvöld í samstarfi við sveitarfélög og fjármálastofnanir að leita leiða til aðgerða til að auka framboð á leiguhúsnæði á Suðurlandi. Mjög víða í landshlutanum vantar leiguhúsnæði, til lengri eða skemmri tíma. Eru víða merki þess að sá þáttur takmarki þróun byggðar og atvinnulífs.

Útrýmum atvinnuleysi

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið að Hótel Heklu dagana 24. og 25. október 2013, fagnar því að dregið hafi úr atvinnuleysi á síðustu misserum. Árþingið leggur á það mikla áherslu að atvinnuleysi er óásættanlegt. Finna verður varanlegar leiðir til að virkja alla og fá þeim hlutverk á grundvelli sinnar hæfni.

Aðgengi að hagtolum fyrir sveitarfélög

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið að Hótel Heklu dagana 24. og 25. október 2013, beinir því til Hagstofunnar og stjórnvalda að bæta aðgengi að hagtolum er lýsa stöðu atvinnulífs og samfélags í hverju sveitarfélagi.

Fjarskiptamál

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið að Hótel Heklu dagana 24. og 25. október 2013, gerir kröfu um að tryggð verði aukin gæði nettenginga, sjónvarps- og útvarpsendinga á Suðurlandi öllu, í samræmi við stefnumörkun fjarskiptaáætlunar og að farsímaþjónusta verði tryggð án undantekninga. Slakar nettengingar, lélegar sjónvarpsendingar og ófullnægjandi GSM samband stendur víða í vegi fyrir uppbyggingu fyrirtækja og veikir þar með búsetu. Framtíðarlausnin felst í lagningu ljósleiðara á öllu svæðinu.

Svört starfsemi

Árþing Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, haldið að Hótel Heklu dagana 24. og 25. október 2013, beinir því til stjórnvalda að beita sér fyrir því að uppræta svarta atvinnustarfsemi í hvaða mynd sem er.

Tillögur allsherjarnefndar:

Í nefndinni sátu: Jón G. Valgeirsson, formaður, Hörður Óli Guðmundsson, Elín Einarsdóttir, Haukur G. Kristjánsson, Jóhannes Gissurarson, Eyþór H. Ólafsson, Guðrún Ingimundardóttir, Drífa Hjartardóttir og Helgi Sigurður Haraldsson

Formaður fylgdi eftirfarandi tillögum úr hlaði:

1. Tillaga stjórnar SASS um nýjar samþykktir SASS.

- a) *Fyrir Allsherjarnefnd liggur fyrir tillaga stjórnar SASS um nýjar samþykktir fyrir SASS. Þriggja manna vinnuhópur skipaður af stjórn SASS ásamt framkvæmdastjóra SASS vann að gerð nýrra samþykktanna sem síðan var send til umsagnar allra aðildarsveitarfélaga SASS. Þá voru samþykktirnar líka settar í rýningu hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Tvær athugasemdir bárust og var tekið tillit til hluta þeirra í endanlegri útgáfu samþykktanna sem sendar voru út með fundarboði.*

Þar sem drög að samþykktum voru send til allra sveitarfélaga innan SASS til umsagnar og síðan sem endanlegar tillögur að útfærslu samþykktanna í fundargögnum aðalfundar SASS er vísað almennt til framlagðra gagna. Í grófum dráttum eru þó helstu breytingar þessar:

- Grein 1.1. Sýslurnar eru taldar upp í stað Suðurkjördæmis enda getur það verið villandi.

- Grein 1.3. Markmið samtakanna voru einfölduð og stytta.
- Grein 2.1. Á kosningarári sveitarstjórna á að halda aukaaðalfund eigi síðar en 10. júlí.
Tilgangurinn með þessari breytingu er sá að fólk með fullt umboð komi eins fljótt og kostur er í nýja stjórn SASS.
- Grein 2.3. Framkvæmd á tímasetningum fundarboða og fundargagna til sveitarstjórnar og sveitarstjórnarmanna endurskoðuð.
- Grein 3.1 F-lið var bætt inn sem kveður á um réttindi áheyrnarfulltrúa á aðalfundi SASS.
- Grein 4.2. Stjórn SASS verði skipuð 9 mönnum. Verkefni, rekstur og ábyrgð SASS er alltaf að aukast. Aðalbreytingin er samt sú að horfið er frá hreinni hólfaskiptingu innan svæðisins en kveðið á um að við kosningu stjórnarmanna sé gætt að þeir séu búsettir dreift um umdæmi samtakanna. Tilgangurinn er sá að einfalda ferlið og útfærslan eigi að styrkja þá hugmynd að við erum í þessu verkefni saman en ekki bein valdatogsteita milli svæða eða hólf. Skilaboðin eigi að vera sú að stjórnarmenn séu fulltrúar allra samfélaganna á svæðinu en ekki bara fyrir sitt hólf. Ber yfir sér betri lýðræðislegan keim en leggur á hendur kjörnefndar sem starfar á milli aðalfunda að finna lausir til að þessi markmið nái fram að ganga.
- Grein 4.3. Fastanefndir SASS eru lagðar niður nema kjörnefnd sem væri skipuð 7 mönnum og skal þess gætt að þeir komi sem víðast af svæðinu. Ástæða þess að aðrar fastanefndir eru lagðar niður er sú að tilgangur þeirra var orðinn óljós. Rökin fyrir því að hafa kjörnefndina ekki hólfaskipta eru þau sömu og voru áður rakin um breytta tilhögun um kosningu stjórnarmanna og til samræmis við þá grein.
- Grein 4.5 Sem mótvægi við að fastanefndir, aðrar en kjörnefnd, eru lagðar niður er heimilt er að búa til sérstakar millipingsnefndar um einstök mál sem þá eru álitin brýn.
- Grein 4.6. Það vantaði ákvæði inn í samþykktir SASS að aðalfundurinn ákveði laun stjórnar, nefnda og ráða á vegum SASS.
- Grein 5.3. Ráðningartími framkvæmdastjóra var ekki fastsettur lengur við 4 ár heldur sett í hendur stjórn SASS að ákveða ráðningarkjör.
- Grein 7.3. Ef sveitarfélag hyggst ganga úr SASS þá var tímaramminn lengdur í 2 ár. Þetta er í anda ákvæða nýrra sveitarstjórnarlaga um byggðasamlög.
- Grein 7.5. Sett inn ákvæði um hvernig með skuli fara ef starfssemi SASS væri hætt. Á sama hátt er þetta ákvæði unnið upp úr nýjum sveitarstjórnarlögum.

Þá má minnst á að ákvæði um skoðunarmenn eru felld út í samræmi við ný sveitarstjórnarlög og viðmið um íbúafjölda í sveitarfélögum færð frá 1. desember. til 1. janúar ár hvert í samræmi við framkvæmd Hagstofunnar.

b) *Tvær breytingatillögur bárust vegna tillögu að nýjum samþykktum fyrir SASS eftir að drögin voru send sveitarfélögum til umsagnar.*

Annars vegar er það tillaga frá Skaftárhreppi sem er eftirfarandi:

Sveitarstjórn Skaftárhrepps gerir eftirfarandi athugasemdir við samþykktirnar:

Gr.2.1

..... skal halda aukaaðalfund á kosningaári eigi síðar en 30. júní

Gr. 2.3

Dagskrá skal send þingfulltrúum ásamt fundargögnum eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund og skulu aðilarsveitarfélög hafa tilkynnt um fulltrúa á aðalfund fyrir þann tíma.

Skv. lögum um sveitarstjórnarkosningar segir:

Sveitarstjórnarkosningar skulu haldnar síðasta laugardag í maímánuði og tekur ný sveitarstjórn við 15 dögum eftir kosningar og skal fyrsta fund boða með a.m.k. fjögurra daga fyrirvara

Sveitarstjórn telur tímaramma vegna aukaaðalfundar á kosningaári mjög knappan og hæpið að sveitarstjórnir geti verið búnar að senda inn kjörbréf fulltrúa á tilsettum tíma.

Gr.4.3

Á aðalfundi SASS skulu kosningar 7 fulltrúar í kjörnefnd og jafn margir til vara og skal þess gætt að þeir komi sem víðast af svæðinu. Kjörnefndin er milliþinganefnd og gerir tillögur til næsta aðalfundar um kjör í stjórn, nefndir og ráð.

Sveitarstjórn leggur til tvær hugmyndir að breytingu á þessari grein.

- a) Á aðalfundi SASS skulu kosnir 15 fulltrúar í kjörnefnd og jafnmargir til vara samkvæmt tilnefningu frá aðilarsveitarfélögunum (einn frá hverju sveitarfélagi).
- b) Á aðalfundi SASS skulu kosnir 7 fulltrúar í kjörnefnd og jafnmargir til vara samkvæmt tilnefningu frá aðilarsveitarfélögunum (að lágmarki einn úr hverri sýslu).

Hins vegar er það tillaga frá Mýrdalshreppi sem er eftirfarandi:

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps gerir eftirfarandi athugasemdir við drögin:

Gr. 2.1. Tímaramminn fyrir aukaaðalfund á kosningaári er allt of skammur þar sem nýjar sveitarstjórnir taka ekki við fyrr en um miðjan júní.

Gr. 4.2. Fallið er frá hólfaskiptingu stjórnar SASS, sem tryggði fámennari sveitarfélögum og svæðum áhrifa í stjórn SASS. Tryggja verður að setningin „Við kosningu stjórnarmanna sé þess gætt að þeir séu búsettir dreift um umdæmi samtakanna“ fái fulla vigt við stjórnarkjör. Hagsmunir sveitarfélaga innan SASS eru mismunandi og því verður að tryggja að öll sjónarmið eigi greiðan aðgang að stjórn SASS.

Gr.4.3. Til að tryggja jafnvægi svæðisins í stjórn SASS, verði kjörnefndin þannig skipuð að einn fulltrúi úr hverri sýslu sitji í kjörnefndum

Allsherjarnefnd hefur fjallað um breytingartillögunnar. Þar sem þær eru keimlíkar þá verður fjallað sameiginlega um þær. Í fyrsta lagi hefur í endanlegum drögum verið fallist á athugasemdir varðandi grein 2.1 um tímasetningu aukaaðalfundar þar sem tíminn var lengdur úr 30. júní til 10. júlí. Nauðsynlegt er þó að þessi stjórnarskipti fari fram eins fljótt og kostur er.

Varðandi athugasemdir um grein 4.2 og 4.3. um skipun stjórnar og kjörnefndar þá telur nefndin rétt að taka tillit til athugasemda sem fram hafa komið með að fjölga fulltrúum í kjörnefnd úr 7 í 9 og breyta orðalagi lítisháttar þannig að orðið „tryggilega“ komi inn í málsgreinina. Fyrsta málsgrein 4.3 myndi þá hljóða þannig:

Á aðalfundi SASS skulu kosnir 9 fulltrúar í kjörnefnd og jafn margir til vara og skal þess tryggilega gætt að þeir komi sem víðast af svæðinu.

c) *Allsherjarnefnd hefur í meðförum málsins fengið ábendingar um lagfæringar á orðalagi og minni háttar breytingar á tillögum til nýrra samþykktu SASS. Þær eru eftirfarandi:*

Grein 3.1 Lagt er til að greinin hljóði þannig: að stuðla að eflingu **mennta-og** menningarmála á Suðurlandi.

Grein 4.2 Lagt er til að orðalag fyrstu málsgreinar greinar 4.2. breytist lítillega. Málsgreinin hljóðar núna þannig: „Samkvæmt tilnefningu skulu stjórnarmenn kosnir úr hópi manna sem eru kjörgengir skv. gr. 3.2. Lagt er til að greinin hljóði þannig: **Stjórnarmenn skulu kosnir úr hópi þeirra manna sem eru kjörgengir skv. gr. 3.2.**

Grein 4.4 Lagt er til að í enda greinarinnar verði bætt við einni starfsnefnd, **fjárhagsnefnd**. Rökin eru þau að skv. grein 4.7 má ekki afgreiða neitt mál án þess að fara fyrir starfsnefnd þannig að breytingin tryggi að fjárhagsáætlanir sem lagðar eru fram á fundinum komi til umsagnar.

Grein 5.4 Lagfæra þarf villu í fyrsta orði geinarinnar þannig að „Stjórnin“ verði **„Stjórnin“**.

Grein 7.3 Lagfæra þarf villu í fyrstu málsgrein geinarinnar þannig að „SAS“ verði **„SASS“**.

d) *Allsherjarnefnd gerir því þá tillögu til aðalfundar SASS að fundurinn samþykki nýjar samþykktir eins og þær hafa verið lagðar fram í fundarboði auk þeirra breytinga á grein 4.3 sem áður hafa verið raktar og breytingar skv c-lið hér að ofan.*

2. Önnur mál.

Allsherjarnefnd leggur til að í kjölfar nýrra samþykktu fyrir SASS beiti stjórn SASS sér fyrir að aðrar stofnanir á vegum SASS endurskoði sínar samþykktir m.a. til þess að samræma þær.

Tillögur fjárhagsnefndar:

Fundur fjárhagsnefndar haldinn á Hótel Heklu fimmtudaginn 24. október 2013 kl. 17:30. Mætt: Gunnsteinn R. Ómarsson, Margrét Sigurðardóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Ásta Stefánsdóttir.

Nefndin fékk Aldísi Hafsteinsdóttur, Þorvarð Hjaltason, Gunnar Þorgeirsson og Ragnar Magnússon á fundinn.

Nefndin leggur til að ársreikningur SASS verði samþykktur.

Nefndin leggur til að tillögu Hrunamannahrepps verði vísað til stjórnar SASS og að stjórninni verði falið að fara yfir húsnæðismál Samtakanna, húsnæðis- og þjónustusamninga við samstarfsstofnanir, starfsmannahald og annan rekstrarkostnað, með hagræðingu í huga.

Í ljósi verulegs hallareksturs á ART verkefninu á árinu 2013 leggur nefndin til að stjórn SASS verði falið að leita leiða til þess að þau sveitarfélög sem nýtt hafa úrræðið þurfi ekki að greiða kostnað af hallarekstrinum að fullu á þessu ári. Fjárhagsnefnd leggur til að stjórn SASS verði falið að yfirfara fjárhagsáætlun ART verkefnis að fenginni niðurstöðu vegna uppgjörs fyrir 2013 og senda uppfærða fjárhagsáætlun til samþykktar sveitarfélaganna.

Nefndin leggur til að fjárhagsáætlun SASS verði samþykkt með þeirri breytingu að fallið verði frá áformuðum breytingum á húsnæði SASS, sem gert er ráð fyrir í áætluninni, að fjárhæð 2 mkr. Stjórn SASS verði falið að leita leiða til halda fjárhagsrammann þrátt fyrir að svo fari að forsendur áætlunarinnar standist ekki.

Nefndin leggur til að greiðslur til stjórnar og nefnda verði sem hér segir:

Greiðslur fyrir hvern setinn fund til fulltrúa í stjórn og nefndum SASS (miðað er við þingfararkaup alþingismann eins og það er á hverjum tíma):

Formaður stjórnar SASS	4,5% af þingfararkaupi
Aðrir stjórnarmenn í SASS	3% af þingfararkaupi
Formenn nefnda.....	3% af þingfararkaupi
Aðrir fulltrúar í nefndum.....	2% af þingfararkaupi

Varamenn í stjórn SASS og nefndum fá greitt sama hlutfall af þingfararkaupi fyrir hvern setinn fund og aðalmenn.

Til skýringar:

Þingfararkaup alþingismanna er frá 1. mars 2013 630.025 kr.

4,5% af þingfararkaupi nú er kr.	28.351,-
3% af þingfararkaupi er nú kr.....	18.900,-
2% af þingfararkaupi er nú kr.	12.600,

Eins og áður sagði, voru ofangreindar tillögur **allar samþykktar** að undangengnum umræðum og áorðnum breytingum.

20. Kosning í stjórn, ráð og nefndir á vegum SASS 2013-2014.

Ísólfur Gylfi Pálmason, f.h. kjörnefndar, lagði fram tillögu:

Stjórn, ráð og nefndir á vegum SASS 2013 – 2014

Stjórn SASS

Gunnar Þorgeirsson, form.

Gunnlaugur Grettisson, varaform.

Sandra Dís Hafþórsdóttir

Reynir Arnarson

Jóhannes Gissurarson

Sigríður Lára Ásbergsdóttir

Haukur Guðni Kristjánsson

Grímsnes- og Grafningshreppur

Vestmannaeyjabær

Sveitarfélagið Árborg

Sveitarfélagið Hornafjörður

Skaftárhreppur

Sveitarfélagið Ölfus

Rangárþingi eystra

Helgi Haraldsson
Unnur Þormóðsdóttir

Sveitarfélagið Árborg
Hveragerðisbær

Varamenn

Elín Einarsdóttir
Ari B. Thorarensen
Björgvin Skapti Bjarnason
Páley Borgþórsdóttir
Guðfinna Þorvaldsdóttir
Ásgerður Kristín Gylfadóttir
Ragnar Magnússon
Aðalsteinn Sveinsson
Drífa Kristjánsdóttir

Mýrdalshreppur
Sveitarfélagið Árborg
Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Vestmannaeyjabær
Rangárþing ytra
Sveitarfélagið Hornafjörður
Hrunamannahreppur
Flóahreppur
Bláskógabyggð

Menningarráð Suðurlands

Íris Róbertsdóttir, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaform
Kjartan Björnsson
Eyþór H. Ólafsson
Kristján Sigurður Guðnason

Vestmannaeyjabær
Rangárþing eystra
Sveitarfélagið Árborg
Hveragerðisbær
Sveitarfélagið Hornafjörður

Varamenn

Jóhanna Jónsdóttir
Páll Marvin Jónsson
Margrét Sigurðardóttir
Inga Lára Baldvinsdóttir
Magnþóra Kristinsdóttir

Skaftárhreppur
Vestmannaeyjabær
Flóahreppur
Sveitarfélagið Árborg
Sveitarfélagið Ölfusi

Stjórn Fræðslunets Suðurlands

Ingvar Pétur Guðbjörnsson

Rangárþing ytra

Varamaður

Arna Ír Gunnarsdóttir

Sveitarfélagið Árborg

Fjárhagsnefnd

Gunnsteinn Ómarsson, formaður
Ásta Stefánsdóttir, varaformaður
Margrét Sigurðardóttir
Róbert Hlöðversson
Ingibjörg Harðardóttir

Sveitarfélagið Ölfus
Sveitarfélagið Árborg
Flóahreppur
Hveragerðisbær
Grímsnes- og Grafningshreppur

Varamenn

Eyþór Arnalds
Eydís Indriðadóttir
Elvar Eyvindsson
Jón G. Valgeirsson

Sveitarfélagið Árborg
Ásahreppur
Rangárþingi eystra
Hrunamannahreppi

Kjörnefnd

Aldís Hafsteinsdóttir
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaform.

Hveragerðisbær
Rangárþingi eystra

Páll Marvin Jónsson
Guðmundur Ingi Ingason
Ari Thorarensen
Drífa Kristjánsdóttir
Kristján Sigurður Guðnason
Elín Einarsdóttir
Sveinn Steinarsson

Vestmannaeyjabær
Skaftárhreppur
Sveitarfélagið Árborg
Bláskógabyggð
Sveitarfélagið Hornafirði
Mýrdalshreppur
Sveitarfélagið Ölfus

Varamenn

Ingibjörg Harðardóttir
Guðlaug Ósk Svandsdóttir
Hildur Sólveig Sigurðardóttir
Ingvar Pétur Guðbjörnsson
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Ingi Már Björnsson
Ásgrímur Ingólfsson
Ragnar Magnússon
Eydís Indriðadóttir

Grímsnes- og Grafningshreppur
Rangárþing eystra
Vestmannaeyjabær
Rangárþing ytra
Sveitarfélagið Árborg
Mýrdalshreppur
Sveitarfélagið Hornafjörður
Hrunamannahreppur
Ásahreppur

Ofangreind tillaga samþykkt samhljóða.

Nú var komið að fundarlokum. Gunnar Þorgeirsson formaður SASS þakkaði traust sér sýnt. Þakkaði góðan og gagnlegan fund, með mikilli samstöðu Sunnlendinga í veigamiklum málum. Þakkaði einnig starfsmönnum fundarins og viðurgjörning allan í Skeiða- og Gnúpverjahreppi og sagði fundi slitið um hádegisbil.

Halla Guðmundsdóttir
Kristjana Gestsdóttir
fundarritarar
skeidgnup@skeidgnup.is